



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. desember 2025

SFS22120075

MINNISBLAÐ

Efni: Samningur skóla- og frístundasviðs við RÚV um UngRÚV

Skóla- og frístundasvið (SFS) leggur til að gerður verði samstarfs- og styrktarsamningur við RÚV um UngRÚV. Gildistími samningsins verði frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2028. Samningur SFS við UngRÚV frá árinu 2023 fellur úr gildi þann 31. desember 2025.

Markmið samnings þessa er að styðja við unglingalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglunga í íslensku samfélagi í samræmi við Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglingar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika unglunga. Nýr samningur snýr að enn frekari áherslu á samstarf um RÚV, menntun ungs fólks í dagskrárgerð, meiri sýnileika unglunga í línulegri dagskrá og aukins samráðs við fulltrúa ungmenna um málefni sem brenna á unglingum á hverjum tíma.

Ástæða þess að leitað er til RÚV um samstarf er meðal annars sú að vilji er til að vera í samstarfi við miðil sem þjónar öllum börnum í landinu, óháð áskrift. RÚV er með sérstaka deild starfsfólks sem vinnur að barna- og unglingaþjónustu og hefur sérhæft sig í starfi með ungu fólki og leggur mikinn metnað í tækifæri í miðlun með og fyrir ungt fólk. Búið er að leggja mikla vinnu í samstarfið og þróun þess. Þá hefur skóla- og frístundasvið afar góða reynslu af samstarfinu.

Verkefnið mun felast fyrst og fremst í eftirfarandi:

- RÚV leggur til grundvallar vefmiðilinn UngRÚV fyrir unglunga í samstarfi við SFS með áherslu á dagskrárgerð fyrir ungt fólk. Á UngRÚV gefst ungu fólki tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu, ásamt því að sjá efni sem hentar vel þessum aldri.
- Utanumhald á námskeiði Ungs fréttafólks sem haldið er árlega. Námskeiðið er tvíþætt:
 - Tækni- og dagskrárgerðarnámskeið þar sem farið er í hvað þarf að huga að þegar sjónvarpsefni er tekið upp.
 - Fréttamiðlun, vinnsla og flutningur. Ungt fréttafólk fær þjálfun í öllu því helsta sem þarf að kunna í fréttflutningi. Fréttir þeirra eru svo



Reykjavík



birtar á UngRÚV og í Krakkafréttum. Námskeið fer fram stuttu fyrir Barnamenningarhátíð.

- RÚV gefur ungu tæknifólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV að undangengnu námskeiði skv. samningi þessum.
- SFS í samstarfi við UngRÚV setur saman samráðshóp fulltrúa ungmenna svo sem frá Flotanum, Samfés, verkefnastjóra SFS, jafnréttisskólanum og kennara sem fundar reglulega um málefni líðandi stundar er varðar ungt fólk og gott væri að fjalla um. Samráðshópnum ber að vera í beinu sambandi við ungmenni og fá ábendingar og tillögur frá þeim sem hjálpar til við að móta dagskrárstefnu UngRÚV.
- Samstarf um Skrekk - hæfileikakeppni SFS.
 - Myndræn skrásetning á skólaheimsóknum þar sem allir þátttökuskólar eru heimsóttir og viðtöl tekin við keppendur.
 - Leggur til tækja- og tæknibúnað og vinnuframlag starfsfólks RÚV fyrir undanúrslit og úrslitakvöld.
 - Sendir út þrjár vefútsendingar af undanúrslitum.
 - Upptökur á prófílum, fyrir beina útsendingu.
 - Viðtal við sigurvegara frá árinu áður.
 - Umsjón með ungu fólki á samfélagsmiðlum UngRÚV.
 - Verkefnastjórnun og útsendingarstjórn á beinni útsendingu af úrslitakvöldi.
 - Umfjöllun um Skrekk á RÚV miðlum.
- Auka sýnileika unglinga í línulegri dagskrá á RÚV - jafnt í almennri dagskrá sem og sérstakri þáttagerð á helstu viðburðum ungmenna svo sem Samfés, Stíl, Danskeppni Samfés, Rímnaflæði, Upptaktinum, Viku6 og fleira.
- Framleiða efni þar sem ungmenni eru í forgrunni. Áhorfendur kynnst áhugaverðu ungu fólki og læra um málefni sem þeim eru hugleikin.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.

Samningurinn er í takt við markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar sem eru eftirfarandi:

Að öll börn:

- vaxi, dafni og uni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.
- lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru.
- sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun.
- tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum til RÚV eru krónur 18.217.287- sem skiptist niður á þrjú ár. Kostnaður samningsins rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs.



Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur staðfest með tölvuskeyti, dags. 3. desember 2025, að umræddur samningur falli undir félagsþjónustu sbr. VIII. kafla laga um opinber innkaup , sbr. lið 8.2 í innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

